



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA™**

**Landssambandsþing haldið 4.maí 2019**  
**Lífsins vegur-leiðsögn og nám**

Skýrsla stjórnar

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárin 2017-2019 .....	2
Samantekt úr fundargerðum stjórnar á starfstímanum.....	4

## Skýrsla stjórnar fyrir starfsárin 2017-2019



Stjórnarkonur eru: Jóna Benediksdóttir, forseti, Iotadeild, Helga Magnea Steinsson, fyrsti varaforseti, Zetadeild, Helga G. Halldórsdóttir, annar varaforseti, Gammadeild, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Ritari, Alfadeild og Jónína Hauksdóttir, meðstjórnandi, Betadeild. Eygló Björnsdóttir, fráfarandi forseti starfar einnig með stjórn.

Á yfirstandandi starfstímabili hafa til þessa verið haldnir 13 stjórnarfundir. Einn á Ísafirði, átta á skype, þrjár í Reykjavík og einn á Egilsstöðum.

Fyrstu fundirnir fóru í að ganga frá skipan vefstjóra, gjaldkera og lögsögumanns og vorum við svo heppnar að þær konur sem höfðu gengt þessum hlutverkum voru allar tilbúnar til að gegna þeim áfram. Það eru þær Eygló Björnsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir og Auður Torfadóttir og fyrir hönd stjórnar færi ég þeim okkar bestu þakkir fyrir að gefa af tíma sínum til þessara verkefna.

Þá var einnig undirbúin tillaga stjórnar til framkvæmdaráðs um framkvæmdaáætlun og mun ég fara nánar yfir hvernig þau verkefni hafa gengið hér á eftir.

Nokkur tími fór einnig í að skipa í fastanefndir félagsins og stýrihóp vegna alþjóðaráðstefnunnar sem haldin verður hér síðar í sumar. Skýrslur nefndanna liggja einnig hér frammi og hægt er að skoða þær á pappír hér í dag, þær verða svo einnig birtar á vefnum okkar.

Nú þrátt fyrir að alþjóðaráðstefnan í sumar sé ekki formlega á forræði landssambandsins heldur Evrópusvæðisins og því á ábyrgð Evrópuforseta skarast flest verkefni sem lúta að undirbúningi hennar við verkefni landssambandsins og hefur sá undirbúningur verið ræddur á tíu stjórnarfundum af þrettán svo ljóst má vera að þetta verkefni hefur verið nokkuð fyrirferðar mikið á yfirstandandi kjörtímabili. Ritari stjórnar, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir er formaður stýrihóps, Jensína Valdimarsdóttir gjaldkeri stýrir fjárhagshópnum, Eygló Björnsdóttir vefstjóri fer fyrir skráningarnefndinni og sú sem hér talar starfar sem forseti landssambands með stýrihópnum. Svo segja má að störf stýrihópsins séu samofin störfum stjórnarmanna landssambandsins að miklu leyti. Ingibjörg Elsa mun fara nánar yfir hvernig undirbúningur fyrir ráðstefnuna hefur gengið hér á eftir.

Framkvæmdaráð samtakanna hefur fundað þrisvar á tímabilinu. Á fyrsta fundi var dr. Sigrún Klara Hannesdóttir með ítarlega kynningu á starfssemi samtakanna og konur sem störfuðu í erlendum nefndum kynntu verkefni þeirra og vinnu sína í þeim. Þá voru umræður um hvernig starfið í deildunum endurspeglar markmið samtakanna og lögð var fram tillaga stjórnar að framkvæmda- og fjárhagsáætlunum fyrir kjörtímabilið. Þá var farið yfir hugmyndir að vorþingi og sú vinna sem komin var af stað vegna alþjóðaráðstefnunnar kynnt. Á öðrum fundinum kynnti Sigrún Klara einnig samtökin, þann fund sátu nýkjörnir formenn deilda og því taldi stjórnin ástæðu til að endurtaka kynninguna. Eygló Björnsdóttir kynnti vefinn og Jensína Valdimarsdóttir útskýrði fyrirkomulag og meðferð á félagsgjöldum. Þá var rætt um hvernig gengur að vinna að framkvæmdaáætluninni, hvað hefur þegar áunnist og hvar þarf að gefa í. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir fór svo yfir stöðuna á undirbúningi alþjóðaráðstefnunnar. Þá var einnig lögð fram tillaga stjórnar um landssambandsþing og var hún samþykkt af öllum formönnum deilda. Forseti fór svo yfir ábyrgð formanna deilda á að koma efni og upplýsingum til deildarkvenna og fjallaði um nokkur mikilvæg verkefni deildanna. Á þriðja fundinum voru lagabreytingtillögur kynntar, lögð fram fjárhagsáætlun, rætt um meðferð á nælum samtakanna og um námsstyrkjasjóðinn, alþjóðaráðstefnan kynnt og að lokum rætt um hugmyndir að verkefnum samtakanna á Íslandi. Fundargerðir framkvæmdaráðsfunda, eins og stjórnarfunda eru á vefnum okkar og þar er hægt að lesa nánari lýsingar á því sem rætt var og um niðurstöður ef einhverjar hafa verið.

Framkvæmdaáætlun sambandsins er jafnframt verkáætlun stjórnar og því ætla ég að gera hér grein fyrir hvernig helstu verkefni hennar hafa gengið.

Varðandi féлага- og útbreiðslumál er það helst að segja að tekin var ákvörðun um að stefna ekki að fjölgun deilda heldur leggja áherslu á að reyna að frekar að fjölga í deildum eða í það minnsta að fjöldi stæði í stað. Fjöldi félagskvenna er nú 341 og hefur nánast staðið í stað frá 2017. Það er þó nokkuð misjafnt eftir deildum hvernig gengur að halda fjölda og ræðst það bæði af staðsetningu og svo af almennri virkni. Einnig settum við okkur það markmið að fá konur til að setja myndir af sér í félagatalið og nú á lokametrunum eru flestar deildir komnar með myndir. Annað varðandi féлага og útbreiðslumál snerist um hvatningu til formanna og deilda vegna margskonar atriða og hefur því verið sinnt í fréttabréfum forseta.

Varðandi samskipta- og útgáfumál lagði stjórnin áherslu á að vekja athygli á efni sem félagskonur sendu frá sér, það var þó háð því að upplýsingar bærust um slíkt. Annað verkefni sem okkur þótti gagnlegt var að setja hnapp á heimasíðu samtakanna þar sem konur gætu skráð efni sem þær væru tilbúnar að vera með umfjöllun um. Þessi hugmynd hefur ekki komist á það flug sem við sáum fyrir okkur að hún gæti náð þrátt fyrir nokkrar ítrekanir þar um. Einnig stefndum við að því að forseti, eða aðrar stjórnarkonur heimsæktu allar deildir á tímabilinu. Það hefur ekki gengið eftir og varðandi forseta hefur það einfaldlega reynst ansi erfitt þar sem það krefst þess að taka frí úr vinnu sem ekki er alltaf einfalt. Varðandi erlend samskipti hafa styrkjamöguleikar verið ítarlega kynntir og einnig þátttaka okkar í erlendum

nefndum. Fréttabréfið okkar hefur komið út þrisvar sinnum á tímabilinu eins og venjan er og vorfréttabréfið fyrir þetta ár er komið í vinnslu.

Varðandi menntamál hefur flest það sem lagt var upp með gengið upp. Í þeim tilgangi að hvetja deildir til að nýta möguleika á fræðslufundum og námskeiðum sem í boði eru á vegum samtakanna bauð landssambandið upp á greiðslu ferðakostnaðar fyrir fyrirlesara. Þetta var auglýst á heimasíðunni.

Styrkir hafa verið vandlega auglýstir og fylgst hefur verið með breytingum á lagafrumvörpum er varða menntamál og þær auglýstar bæði á vef samtakanna og facebook-síðu. Laganefnd og lögsögumaður hafa unnið að lagabreytingatillögum til samræmis við breytingar á lögum alþjóðasamtakanna og verður farið nánar yfir þær hér á eftir.

Fréttabréf forseta hefur verið sent út 16 sinnum á tímabilinu. Í því hefur undirrituð fjallað um hin ýmsu mál sem tengjast starfsemi félagsins bæði hér á landi og í tengslum við samskipti við alþjóðasamtökin. Fréttabréfið hefur einnig verið notað til að hvetja formenn og deildir til hinna ýmsu verkefna svo sem virkni í umræðum um menntamál og þátttöku í starfinu og ekki síst til að minna á verkefni í framkvæmdaáætluninni og miðla til félagskvenna upplýsingum frá alþjóðasamtökunum og Evrópusvæðinu. Forseti hefur einnig nýtt sér þau forrættindi sem felast í því að senda út fréttabréf til að koma eigin hugleiðingum um eitt og annað sem varðar stöðu kvenna og þátttöku þeirra í mótun og uppbyggingu samfélagsins á framfæri. Eitt af því sem gerir starfið í DKG uppbyggilegt og mikilvægt bæði fyrir okkur og samfélagið er að stilla saman strengi kvenna, sem allar hafa áhuga á að láta til sín taka á leið til öflugra og betra samfélags fyrir okkur sjálfar og komandi kynslóðir. Ég vil svo ljúka þessari yfirferð yfir helstu verkefni stjórnar á þessu tímabili með því að þakka öllum þeim félagskonum sem hafa lagt hönd á plóg við að halda starfsemi félagsins gangandi. Samstjórnarkonum mínum, öllum þeim konum sem hafa unnið í nefndum og hinum almennu félagskonum sem mæta á deildafundina. Án ykkar væri þetta ekki hægt.



### [Samantekt úr fundargerðum stjórnar á starfstímanum](#)

Fyrsti fundurinn var haldinn í Grunnskólanum á Ísafirði áður en formlegt kjörtímabil hófst. Þar voru teknar ákvarðanir um framkvæmdaráðsfund haustsins, bæði staðsetningu og dagskrá og lögð fyrstu drög að vorþingi 2018. Ákveðið var að halda þingið á Austurlandi og fela Zeta-deild að sjá um skipulag og umgjörð. Á þessum fundi unnum við einnig að undirbúningi fyrir ráðstefnuna sem verður hjá okkur nú í sumar. Búið var að skipa nefnd sem skoðaði möguleika á staðsetningu ráðstefnunnar og þegar þarna var komið sögu var enn verið að skoða möguleika á að vera með ráðstefnuna fyrir utan Reykjavík. Við tókum einnig ákvörðun um að láta prenta bókamerki og

hafa það með okkur til Tallin á Evrópuráðstefnuna til kynningar á okkar ráðstefnu. Á þessum fundi ræddum við einnig tilnefningar á konum í fastanefndir félagsins og í stýrihóp fyrir ráðstefnuna og Eygló Björnsdóttir samþykkti að vera áfram vefstjóri og Jensína Valdimarsdóttir samþykkti að vera áfram gjaldkeri. Síðan var unnið að framkvæmdaáætlun fyrir starfstímabilið.

Á öðrum fundi var unnið að framkvæmda- og fjárhagsáætlunum. Tekin lokaákvörðun um tímasetingu vorþings og áfram unnið með hugmyndir vegna ráðstefnunnar 2019. Til dæmis var rætt um skipan stýrihóps fyrir ráðstefnuna og þegar fundargerð er skoðuð má sjá að talsverðar breytingar hafa orðið á honum síðan þá. Nú svo var einnig rætt áfram um skipan í fastanefndir og stjórnarkonur skiptu með sér að hafa samband við þær konur sem höfðu verið tilnefndar.

Á þriðja fundi var áfram unnið að framkvæmda- og fjárhagsáætlunum, nefndaskipan og skipulagi framkvæmdaráðsfundar.

Á fjórða fundi var fjallað um styrkveitingar vegna Evrópuþings í Tallin og tekin ákvörðun um að sækja um að fá fulltrúa alþjóðasamtakanna á vorþing.

Á fimmta fundi fór Helga Magnea Steinsson, fyrsti varaforseti og formaður Zeta-deildar, yfir stöðuna varðandi skipulag vorþings. Þá var einnig rætt áfram um skipan kvenna í stýrihóp vegna ráðstefnunnar og þegar þarna var komið sögu höfðum við loksins fengið endanlega upp gefið frá alþjóðasamtökunum endanlegar dagsetningar. Einnig var rætt um samskipti stjórnar við nefndir og ákveðið að Helga Magnea, fyrsti varaforseti tæki að sér að sjá um menntamálanefnd og yrði fulltrúi okkar í Evrópunefndinni. Jóna hafði þá rætt við formenn annarra nefnda um helstu störf sem fyrir lágu á þeim tíma. Einnig var rætt um umsagnir um lagafrumvörp og upplýst að nafn félagsins væri komið á lista þeirra sem fá frumvörp til laga um menntamál til umsagnar. Nú þá var einnig fjallað um þekkingarforðann sem er verkefni sem ákveðið var á framkvæmdaráðsfundi að fara af stað með.

Þá var einnig farið yfir heimsóknir til deilda, Helga G. Halldórsdóttir hafði heimsótt Epsilon deild og Ingibjörg Elsa og Jóna Lambda deild. Jóna upplýsti einnig um verkefni forseta milli funda sem fólust í að svara erindum frá alþjóðasamtökunum og samskipti við Evrópuforseta vegna vorþings.

Sjötti fundur fór í undirbúning vorþings, hugmyndir um breytingu á kosningareglum í alþjóðasamtökunum og undirbúning ráðstefnunnar 2019

Sjöundi fundurinn var haldinn í tengslum við vorþingið á Egilsstöðum. Þar var tekið fyrir erindi frá Kathrin Hodgson, ákveðin tímasetning framkvæmdaráðsfundar að hausti og svo unnið áfram að undirbúningi vegna ráðstefnunnar 2019, skipan kvenna í nefndir, hugmyndir að dagskrá og skemmtiatriðum. Svo var rætt um fréttabréf forseta sem nú eru gerð í forritinu Smore. Að lokum var svo fjallað lauslega um fram komnar tillögur að lagabreytingum alþjóðasamtakanna.

Á áttunda fundi sem haldinn var í ágúst 2018 var fjallað um styrkveitingar vegna alþjóðaráðstefnunnar í Texas, unnið að skipulagningu og fundarboði framkvæmdaráðsfundar og væntanlegt landssambandsþing. Enn var fjallað um ráðstefnuna 2019, nokkuð brösuglega hafði gengið að manna formennsku í stýrihóp vegna ráðstefnunnar og á þessum tímapunkti hafði Ingibjörg Elsa, ritari landssambandsins, tekið formenskuna að sér. Aðstæður vegna ráðstefnunnar voru nú allar teknar að skýrast og ljóst að ráðstefnan er á forræði Evrópusamtakanna en ekki landssambandsins. Stýrihópurinn er að öðru leyti skipaður Evrópuforseta, landsambandsforseta, gjaldkera og vefstjóra. Með breytingum sem gerðar voru á lögum alþjóðasamtakanna bera þau nú megin ábyrgð á framkvæmdahlið ráðstefnunnar og því þarf að bera allar ákvarðanir undir þau.

Níundi fundur fór að mestu í undirbúning vegna ráðstefnunnar því þrátt fyrir að rástefnan sé ekki formlega á hendi landssambandsins skarast flest umfjöllunarefni sem tengjast henni við verkefni landsambandsins. Landssambandið er einnig fjárhagslegur bakhjarl vegna ýmissa atriða sem tengjast ráðstefnunni. Nú hér var meðal annars rætt um greiðslur til fyrirlesara. Þá var einnig tekið fyrir erindi frá gjaldkera um sameiningu bankareikninga, skráð heimilisfang samtakanna og skráningu á stjórnarmönnum. Helga Magnea Steinsson sagði svo frá Evrópufundi sem hún fór á, gerðar voru breytingar á skipan laganeftar þar sem formaður nefndarinnar hafði hætt í samtökunum, rætt um félagatalið og að lokum var svo rætt um væntanlegt landssambandsþing.

Á tíunda fundi var rætt um endurprentun og breytingar á kynningarbæklingi samtakanna. Ingibjörg Einarsdóttir hefur tekið að sér að vera í samskiptum við prentsmiðju vegna endurprentunar. Þá var farið yfir stöðuna varðandi undirbúning alþjóðaráðstefnunnar okkar og var það tímafrekara en þessi eina lína í fundargerðinni. Sérstakt erindi barst stjórn frá eistneska landssambandsforsetanum með beiðni um aðstoð við að útvega konum gistingu í tengslum við ráðstefnuna. Helga G. Halldórsdóttir tók að sér að vinna í því máli og meðal annars var ákveðið að senda formlega beiðni til Kennarasambands Íslands með ósk um að taka íbúðir á leigu fyrir þær. Jóna hefur verið í samskiptum við laganeft. Sigrún Klara Hannesdóttir hefur tekið að sér formennsku í nefndinni sem hefur nú það verkefni að fara yfir 240 lagabreytingar sem gerðar voru á lögum alþjóðasambandsins sumarið 2018 og sjá hvort og þá hverju þarf að breyta í okkar lögum vegna þeirra. Að lokum var svo farið yfir undirbúning landssambandsþings. Alfa- og Kappadeildir hafa tekið að sér að sjá um umgjörð þingsins. Lace Marie Brogden annar varaforseti alþjóðasambandsins verður fulltrúi þeirra á þinginu. Óskað hefur verið eftir að gjaldkerar deilda mæti þar sem hún mun verða með sérstaka fræðslu fyrir þá að þingi loknu. Svo var rætt um möguleika á umsögn um frumvarp til breytinga á leyfisbréfi kennara, ekki var algjör einhugur í stjórninni um gagnsemi frumvarpsins og því tekin ákvörðun um að senda ekki inn umsögn í nafni félagsins heldur vekja athygli félagskvenna á frumvarpinu og hvetja þær til að senda inn umsögn í eigin nafni. Stjórnin telur það vera skynsamlega aðferð til að koma sjónarmiðum DKG kvenna um lagafrumvörp á framfæri. Þá var rætt um fjárhagsstöðu samtakanna sem er góð og hver væri besta leiðin til að láta félagskonur njóta þess. Samþykkt var að félagið greiði nánast allan kostnað við landssambandsþingið, aðeins gert ráð

fyrir 1000 króna skráningargjaldi. Að lokum var svo rætt um félagatalið, en ekki hefur gengið eins vel og við óskuðum að fá myndir af félagskonum þar inn.

Á ellefta fundi var rætt um breytingar á lögum og reglugerð sambandsins. Laganefnd og lögsögumaður höfðu farið yfir breytingar á lögum alþjóðasambands og skilað af sér tillögum til stjórnar. Flestar breytingatillögurnar voru komnar til vegna breytinga á lögum alþjóðasambands en einnig lögðu þær til orðalagsbreytingar í sumum greinum og breytingar á notkun persónufornafna. Stjórn fór yfir tillögur þeirra, samþykkti þær nánast allar og lagði til að auki að taka persónufornöfn sem mest út. Þá var rætt um hvernig fara ætti með þessar breytingatillögur á aðalfundi þar sem ljóst er að of langan tíma tekur að fjalla um hverja einustu þeirra.

Á tólfta fundi var svo enn farið yfir undirbúning vegna landsambandsþings og meðferð tillagna til breytinga á lögum og reglugerð samtakanna. Uppstillingarnefnd hefur skilað sínum tillögum og verða þær ásamt lagabreytingatillögum sendar út ásamt fundarboði. Þá var farið yfir stöðuna varðandi undirbúning alþjóðaráðstefnunnar. Dagskrá bæði fag og skemmtihluta eru tilbúnar. Þá var rætt um framkvæmdaráðsfund í tengslum við landsambandsþing og að lokum um meðferð á nælum samtakanna.

